

Fundur NOS

haldinn í fjarfundi 4. febrúar 2021 kl. 11:00

Mætt: Aldís Hafsteinsdóttir, Björgvin Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Helgi Kjartansson, Gestur Þór Kristjánsson, Ása Valdís Árnadóttir, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Eydís Indriðadóttir. Auk þess sat fundinn Ragnheiður Hergeirsdóttir forstöðumaður Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða.

Dagskrá:

1. Helstu verkefni þjónustunnar.
2. Málefni persónuverndarfulltrúa
3. Heimasíða SVÁ
4. Endurskoðun samþykktu
5. Starfsmannamál
6. Úttekt á SVÁ
7. Önnur mál.

1. Helstu verkefni SVÁ.

Forstöðumaður fór yfir helstu verkefni þjónustunnar.

Næg verkefni liggja fyrir. Sameiginlegur starfsmaður í barnaaevernd og ritari sem ráðinn var inn í haust hafa nýst vel. Vegna nýráðninga og veikindaleyfa reynir þó nokkur á starfið hjá þjónustunni.

2. Málefni persónuverndarfulltrúa.

Rætt um persónuverndarfulltrúa fyrir þjónustuna. Samþykkt að fela Ragnheiði að ganga til samninga við persónuverndarfulltrúa.

3. Heimasíða SVÁ.

Heimasíðu þjónustunnar þarf að uppfæra og er verið að vinna að því verkefni.

Ragnheiði falið að semja við hýsingaraðila í samræmi við þá þjónustu sem þarf.

4. Endurskoðun samþykktu

SVÁ er í samvinnu við SASS að vinna að því að uppfæra samþykktirnar í samræmi við athugasemdir sem bárust um þær. Málið er í vinnslu.

5. Starfsmannamál

Auglýst hefur verið í stöðu sálfræðings og stöðu félagsráðgjafa í uppsveitum.

Umsóknarfrestur er runnin út. Ein umsókn kom í stöðu sálfræðings. Farið var yfir umsóknina. Ragnheiði falið að ganga frá ráðningu.

Ein umsókn kom í stöðu félagsráðgjafa. Jóni G. Valgeirsson mun ganga frá ráðningu í samvinnu við Ragnheiði.

6. Úttekt á SVÁ.

Nefnin hefur samþykkt að fara í úttekt á starfseminni. Taka þarf saman hvernig staðið verður að henni og kanna hvaða aðila væri hægt að ráð til að sinna henni. Samþykkt að skipa starfshóp sem mundi taka þessar upplýsingar saman og leggja fyrir nefndin á næsta fundi. Samþykkt að Aldís, Jón og Elliði skipi starfshópinn.

7. Önnur mál.

Rætt um aukið álag í barnavernd og áhrifa þess á störf skóla-og velferðarnefndar. Samþykkt að fela Ragnheiði að fá aðila til að huga að andlegum stuðningi við nefndina.

Hugmyndir að nýju fyrirkomulag í tengslum við barnaverndarmál liggja fyrir og breyting á barnaverndarlögum . Samþykkt að fá kynningu á þeim á næsta fund.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30
Halldóra Hjörleifsdóttir, fundarritari